

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 12. október 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Tillögur sameiningarnefndar um breytingar á sveitarfélagaskipan.**

Fyrir fundinum lá bréf nefndar um sameiningu sveitarfélaga þar sem tillögur um breytingar á sveitarfélagaskipan eru kynntar. Meðfylgjandi bréfi nefndarinnar var sameiginleg viljayfirlýsing félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Í greinargerð um sameiningartillögur kemur fram að sameiningarnefnd leggur til að íbúum Áshrepps, Blönduósþéttvangs, Höfðahrepps og Skagabyggðar verði gefin kostur á að greiða atkvæði um sameiningu þessara fjögurra sveitarfélaga 23. apríl 2005. Sveitarstjórnir og almenningur hafa frest til 1. desember n.k. til að skila inn rökstuddum athugasemdum við tillöguna.

Í greinargerð kemur einnig fram að þær sveitarstjórnir sem sameiningartillagan varðar skuli hver tilnefna tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem annast undirbúning atkvæðagreiðslu um tillöguna og gerð kynningarefnis um áhrif hugsanlegrar sameiningar.

Umræður urðu um málið og var samþykkt að fela sveitarstjóra að semja bréf til sameiningarnefndar þar sem athugasemdum hreppsnefndar verði komið á framfæri.

2. Erindi hreppsnefndar til fjárlaganefndar.

Fyrir fundinum lágu erindi sem lögð voru fyrir fjárlaganefnda. Erindin vörðuðu fjárveitingar til hafnargerðar og sjóvarna og höfðu áður verið send samgönguráðherra.

Oddviti greindi frá því að á fundi fjárlaganefndarinnar hafi ásamt fyrrgreindum erindum verið óskað eftir stuðningi við byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar á Skagaströnd. Fyrir fundinum lá einnig minnisblað um óformlegan fund sem sveitarstjóri átti með Leifi Benediktssyni, deildarstjóra í heilbrigðisráðuneytinu og Valbirni Streingrímssyni, framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi.

Umræður urðu um framangreind erindi en þau voru fyrst og fremst til kynningar og ekki gerðar sérstakar ályktanir vegna þeirra.

3. Námsstofa – tenging FS nets.

Fyrir fundinum lá minnisblað um FS – netið. Í blaðinu eru teknir saman helstu kostir og gallar þess að tengjast FS-netinu svo og áætlun um kostnað við það. Umræður urðu um FS-netið og möguleika sem opnast við það að tengjast inn á netið. Samþykkt að óska eftir að FS-netið verði tengt inn í Námsstofuna að Mánabraut 3.

4. Byggðakvóti – umsókn um byggðakvóta

Fyrir fundinum lá bréf sem sveitarstjóri ritaði til Sjávarútvegsráðuneytisins vegna umsóknar um byggðakvóta. Einnig lágu fyrir bréf þriggja þeirra útgerðaraðila sem fengu úthlutað byggðakvóta þar sem þeir gerðu grein fyrir stöðu málsins skv. ósk hreppsnefndar. Bréfin voru til kynningar og ekki gerðar athugasemdir vegna þeirra.

5. Starfsleyfi fyrir sorpurðun Höfðahrepps í landi Neðri Harrastaða

Fyrir fundinum lágu drögð að starfsleyfi fyrir sorpurðun í landi Neðri Harrastaða. Drögin voru til umsagnar fyrir hreppsnefnd áður en starfsleyfið verður gefið út. Ekki voru gerðar efnislegar athugasemdir við starfsleyfisdrögin.

6. Gjaldskrá fyrir hundahald

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá fyrir hundahald í Höfðahreppi. Gjaldskráin tók mið af nýjum reglum um hundahald sem samþykktar voru 19. janúar 2004. Samkvæmt tillögunni verður árlegt leyfisgjald fyrir hund 6.500 kr. og handsömunargjald fyrir hund 3.500 kr í fyrsta skipti en hækkar í 6.500 kr ef til handsömunar kemur öðru sinni. Gjaldskráin var samþykkt.

7. Bréf

a) Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 28. sept. 2004.

Í bréfinu er tilkynnt um að vextir af lánum af eigin fé sjóðsins lækki úr 4,5% í 4,0% frá 1. október 2004.

Efni bréfsins var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þess.

b) SSNV um aukaársping, dags. 24. sept. 2004.

Með bréfinu er boðað til aukaárspings SSNV sem halda á að Löngumýri í Skagafirði föstudaginn 29. október 2004.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar sérstakar athugasemdir vegna þess.

c) Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaráðstefnu, dags. 3. sept. 2004.

Með bréfinu er tilkynnt að fjármálaráðstefna sveitarfélaga verði haldin á Hótel Nordica mánudaginn 1. og þriðjudaginn 2. nóvember n.k.

Bréfið var til kynningar.

d) Sambands íslenskra sveitarfélaga um landsþing, dags. 21. september

Með bréfinu er boðað til XVII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga að Hótel Nordica föstudaginn 26. nóvember n.k.

Bréfið var til kynningar.

e) Stéttarfélagssins Samstöðu, dags. 1. september 2004.

Í bréfinu er kynnt ályktun þar sem stjórn stéttarfélagssins hvetur sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og aðra sem áhuga hafa til að vinna sameiginlega að atvinnuuppbyggingu á Norðurlandi vestra.

Oddviti greindi frá þeirri vinnu sem hafi verið lagt í af hálfu stjórnar SSNV til að beita sér fyrir sameiginlegri atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Málið var til kynningar.

f) Norræna félagsins í Ringerike, dags. 13. sept. 2004.

Í bréfinu sem er stílað á formann norræna félagsins á Skagaströnd er þakkað fyrir góðar móttökur sl. sumar og gerð fyrirspurn um hvort mögulegt sé að félagar úr norræna félaginu í Ringerike komi í heimsókn næsta sumar.

Bréfið var til kynningar.

g) Svavars Sigurðssonar, dags. 3. sept. 2004.

Í bréfinu er óskað styrks til baráttu gegn fíkniefnainnflutningi og sölumennsku.

Samþykkt að halda sama stuðningi og undanfarin ár.

h) Undirbúningshóps um stofnun textílseturs, dags. 20. sept. 2004.

Í bérfinu er kynnt undirbúningsvinna við stofnun "Textílseturs Íslands" á Blönduósi. Í bréfinu er annars vegar lagt til að stofnað verði eignahaldsfélag um Kvennaskólann sem væri 75% í eigu ríkis og 25% í eigu viðkomandi sveitarfélaga, hins vegar er lagt til að komið verði á fót sjálfseignastofnun um rekstur textílsetursins. Lagt er til að Byggðastofnun, Héraðsnefnd A-Hún og sveitarfélögin í sýslunni leggi til 11 milljóna króna stofnfé, þar af leggi Höfðahreppur fram 750 þús. Umræður urðu um málið og kom fram að hreppsnefnd fannst málið áhugavert en taldi sig þurfa nánari upplýsingar um fjármögnun áður en ákvörðun verði tekin.

8. Fundargerðir:

a) Byggingarnefndar, 20. ágúst 2004.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Leikskólanefndar, 15. sept. 2004.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Skólanefndar, 16. sept. 2004.

Fundargerðin var samþykkt.

d) Stjórnar SSNV, 27. ágúst 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

e) Stjórnar SSNV, 1. sept. 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

f) Framkvæmdaráðs um svæðisskipulag, 24. ágúst 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Heilbrigðisnefndar Nl.v. 28. sept. 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

h) Launanefndar sveitarfélaga, 15. sept. 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

i) Samstarfsnefndar um sorpförgun á Norðurlandi vestra.

Fundargerðin var til kynningar.

1041-41

**Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir**

9. Önnur mál.

a) Fyrir fundinum lá bréf frá ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem þakkar góðar móttökur og gagnlegan fund á Skagaströnd 30. september sl.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18⁴⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

13. október 2004